

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2022
UST202203-221/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Efnistaka í Seyðishólum. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að til þessa hafi skort mikið á að þeir sem staðið hafa að efnistöku í Seyðishólum undanfarna áratugi hafi unnið eftir áætlun um hvernig staðið verði best að efnistökkunni, landmótun, hvaða svæði hólanna skulu vera öröskuð og hvernig skilja eigi við námuna að efnistöku lokinni ef á annað borð verður tekin ákvörðun um að hætta efnistöku á þessum stað.

Eins og ljósmyndir í matsáætluninni bera með sér er náman unnin í mjög háu stáli sem gerir alla landmótun erfiðari og kallar á að mörk námunnar að frágangi loknum munu ná langt út fyrir núverandi námu og ætti að gera grein fyrir þessu svæði sem hluta efnistökusvæðisins frekar en áhrifasvæðis.

Úr því sem komið er telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að halda áfram efnistöku ef unnt á að vera að móta námuna á einhvern þann hátt að ásættanlegt verði. Ekki eigi að fara frekar í efnistöku næst Biskupstungnabraut og reyna ætti að milda sár sem þar er og ekki undir neinum kringumstæðum halda áfram þar sem sjónræn áhrif verða hvað mest.

Í matsáætlun kemur fram að áætlað er að meta áhrif framkvæmdanna á vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vill benda á að sú grein náttúruverndarlaganna sem fjallar um sérstaka vernd er 61. gr.

Seyðishólar eru gjall- og klepragígar sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaganna og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á svæði sem njóta sérstakrar verndar í umhverfismatsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægast að við mat á umhverfisáhrifum verði lögð áhersla á að setja fram áætlun um efnistökkuna þar sem lögð verði áhersla á að sjónræn áhrif verði sem minnst og að skýrar hugmyndir verði settar fram um hvernig unnt verði að skilja við svæðið þannig að ekki verði til lýta um alla framtíð.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur